

Efni: Heimild til að framkvæma verkefni um rafvæðingu mannauðsferla

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að framkvæma verkefni sem snýr að því að setja umsóknarform fyrir heilsuræktarstyrki og samgöngustyrki á þjónustugátt Jira þaðan sem umsóknir flæða sjálfkrafa til launadeildar til afgreiðslu.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er ágúst 2024 til október 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 5,9 m.kr. sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,



Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Greinargerð:

Skilgreindir hafa verið 15 mannauðsferlar sem þarf að færa í rafrænt umsóknarform til að tryggja sjálfvirka og skilvirka úrvinnslu fyrir starfsfólk og stjórnendur. Þetta verkefni felst í því að hefja innleiðingu með því að færa tvo ferla í rafrænt form, þ.e. umsóknir um heilsuræktar- og samgöngustyrk.

Núverandi ferli fyrir umsóknir um þessi hlunnindi byggja á Excel skjölum, pappírseyðublöðum eða PDF skjölum sem send eru í tölvupósti. Þetta skapar óþarfa pappírflæði og tímafreka handavinnu fyrir stjórnendur, auk þess sem það eykur hættuna á mannlegum mistökum þar sem umsóknir geta glatast í ferlinu. Starfsfólk hefur einnig takmarkaða yfirsýn yfir stöðu sinna umsókna.

Verkefnið miðar að því að setja umsóknarform fyrir heilsuræktar- og samgöngustyrki inn á þjónustugátt Jira, þannig að umsóknirnar flæði beint til launadeildar til afgreiðslu. Þar sem launadeild hefur þegar komið sínum ferlum fyrir í Jira, mun þessi aðferð einfalda vinnsluferlið enn frekar. Hlekkur á umsóknarformin verður einnig settur inn á Fróða, innri vef Reykjavíkurborgar.

Ávinningurinn af því að færa umsóknir um heilsuræktar- og samgöngustyrki yfir í rafræna umsóknargátt felst í verulegum tímasparnaði bæði fyrir stjórnendur og starfsfólk. Ferlið verður skýrara og gagnsærra fyrir umsækjendur, en um leið verður úrvinnslan sjálfvirkari fyrir þá sem sinna vinnslunni. Til dæmis verður nýja ferlið þannig að sjálfvirkur tilkynningarpóstur sendist til viðkomandi stjórnanda þegar starfsmaður sækir um samgöngustyrk, í stað þess að úrvinnsluaðili í launadeild þurfi handvirkt að finna stjórnanda umsækjandans og senda póstinn.

Með því að færa þessa ferla yfir í Jira getur starfsfólk fylgst með stöðu sinna umsókna beint í þjónustugáttinni, á sama hátt og þau geta fylgst með beiðnum sínum á hjalp@reykjavik.is. Þetta eykur bæði gagnsæi og skilvirkni í ferlinu.

Stýrihópurinn, sem var stofnaður til að forgreina verkefnið, komst að þeirri niðurstöðu að ávinningurinn af því að færa umsóknarferlana í rafrænt form samsvarar sparnaði upp á 1,5 stöðugildi á ári. Áætlaður kostnaður per afgreiðslu var metinn með hliðsjón af heildarfjölda afgreiðslna hjá FAS, sem eru um 12.500 á ári. Þar af eru um 1.800 umsóknir um heilsuræktarstyrki, 4.000 umsóknir um samgöngusamninga og 3.000 afgreiðslur vegna læknisvottorða. Með hverri afgreiðslu, sem tekur um 15 mínútur, er heildartíminn áætlaður um 3.125 klukkustundir á ári, sem jafngildir 1,5 stöðugildum.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 5,9 m.kr. sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum,

Kostnaðarstaður: Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001; Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi.



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Verkbeiðnanúmer 249233

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Þróstur Sigurðsson,
Skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur